

Hvorki verður séð, að 17. gr. laga nr. 11/1973 né 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 séu því til fyrirstöðu, að annarra sönnunargagna heldur en þar greinir sé aflað, þ. á m. matsgerða.

Slík skýring er í samræmi við meginreglu þá, sem fram kemur í 122. gr. laga nr. 85/1936.

Aðrar þær ástæður, sem lögmaður stefnda hefur fram komið, eru heldur ekki því til fyrirstöðu, að krafa matsbeiðanda verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að umbeðin dómkvaðning fari fram.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Jónssyni landnámsstjóra og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Úrskurðarorð:

Umbeðin dómkvaðning fari fram.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 175/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Bjarna Jósefssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. júní 1981. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember s. á.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Áður en kom til flutnings málsins fyrir Hæstarétti, var því lýst yfir af ákærvaldsins hálfu, að niður væru felldar úr ákæru í málinu tilvitnanir í áfengislög, þ. e. í 2. málsgrein ákærunnar „og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978“ og í 3. málsgrein ákærunnar „og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga“. Koma ofangreind lagaákvæði því eigi til álita við meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, neitaði ákærði því í fyrstu í yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi hinn 9. desember 1979 að hafa ekið bifreiðinni Y 1947 aðfaranótt þess dags. Síðar sama dag breytir ákærði fyrri framburði sínum á þá leið, að hann viðurkennir, að það hafi verið hann, sem ók bifreiðinni Y 1947 í umrætt skipti. Er þetta þá bókað eftir honum: „Ég var að koma frá Reykjavík og ók beinustu leið í Birkihvamm. Ég var búinn að bragða áfengi, en ekki mikið og veit ekki nákvæmlega, hversu mikið það var. En ég fann aðeins til áfengisáhrifa . . .“ Framburður ákærða var lesinn fyrir honum, og til staðfestu undirritaði hann skýrsluna í viðurvist rannsóknarlögreglumanns þess, sem skýrsluna tók, og lögregluvarðstjóra, sem ritar undir skýrsluna sem vottur. Er hér um afdráttarlausu játningu að ræða. Verður með hliðsjón af öðrum sakargögnum og framkomu og undanbrögðum ákærða og eiginkonu hans við frumrannsókn málsins að byggja á þessum framburði ákærða, enda ekkert, sem rennir stoðum undir síðari afturköllun hans, þannig að mark verði á henni tekið.

Þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum, er hann ók bifreiðinni í umrætt skipti. Hefur hann með því athæfi gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um það ákæruatriði, er varðar ónóga aðgæslu ákærða í akstri samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Hins vegar verður ekki talið, að ákærði hafi með því atferli sínu að hverfa af vettvangi gerst brotlegur við 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Hann skildi bifreið sína eftir á árekstrarstað, sem var rétt við heimili hans. Gerði hann því ekki tilraun til þess að leyna því, með hverjum hætti tjóni á mannvirkjum hefði verið valdið, en slys á mönnum varð ekki. Þykja ekki skilyrði til þess að sakfella ákærða vegna þessa ákæruatriðis, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Refsing fyrir brot þau, sem ákærði er sakfelldur fyrir, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, varðhald 15 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Á rannsókn málsins eru eftirfarandi ágallar: 1) Í þinghaldi 27. janúar 1981 eiðfesti héraðsdómari Katrínu Guðjónsdóttur, eiginkonu ákærða, sem þá hafði viðurkennt að bera rangt við frumrannsókn málsins. 2) Við lögreglufyrirheyrslu 9. desember 1979 var Ragnheiður Jósefína Bjarnadóttir yfirheyrð sem sakborningur, án þess að neitt, sem þá var fram komið í málinu, hafi bent til þess, að hún hafi átt þátt í broti því, sem verið var að rannsaka. Henni var enda ekki bent á rétt sinn til þess að skorast undan vætti vegna skyldleika við hin grunuðu, sem bæði voru foreldrar hennar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjarni Jósefsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar

Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 23. mars 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. mars 1981, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 21. apríl 1980, „á hendur Bjarna Jósefssyni pípulagningamanni, Birkihvammi 2, Kópavogi, fæddum 15. september 1926 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 9. desember 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 1947 frá Reykjavík áleiðis heim til sín, aka svo óvarlega á Birkihvammi, að bifreiðin rakst á verkstæðisskúr við Birkihvamm 12, og fyrir að aka af vettvangi án þess að gera fyrst viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 92/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Að morgni 9. desember 1979 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt, að bifreiðinni Y 1947 hefði verið ekið á verkstæðishús við hús nr. 12 við Birkihvamm hér í bæ.

Er lögreglan kom á vettvang, reyndist bifreiðin mannlaus og vél hennar köld. Við fyrirspurnir lögreglu á heimili skráðs eiganda nefndrar bifreiðar, sem reyndist ákærði í máli þessu, varð fyrir svörum eiginkona ákærða, Katrín Guðjónsdóttir, sem kvaðst hafa verið ökumaður bifreiðarinnar, þá er henni hefði verið ekið á fyrrnefndan skúr. Við frekari yfirheyrslur hjá lögreglu töldu þau hjónin bæði, að Katrín hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, er framangreindur árekstur átti sér stað, og hafi hún þá verið á heimleið frá dóttur þeirra hjóna, Ragnheiði Bjarnadóttur, og hafi klukkan þá verið 0130—0200 aðfaranótt 9. desember 1979.

Er staðreyna átti þessar fullyrðingar ákærða og eiginkonu hans með framburði Ragnheiðar, taldi hún við lögreglu-yfirheyrslu, að foreldrar hennar hefðu bæði komið til hennar þann 8. desember 1979, en hún hefði hvorugt þeirra séð eftir kl. 1900

þann dag. Enn fremur taldi Ragnheiður við sömu yfirheyrslu, að móðir hennar hefði hringt í hana að morgni þess 9. desember og sagt henni, að hún væri að fara á lögreglustöðina vegna föður hennar, sem hefði ekið drukinn á skúr þá um nóttina.

Við síðari yfirheyrslu hjá lögreglu þann 9. desember 1979 viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreið sinni frá Reykjavík að árekstrarstað við Birkihvamm 12 eftir að hafa bragðað áfengi og jafnframt að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kvaðst hann hafa misst stjórn á bifreiðinni í beygjunni með þeim afleiðingum, að hún hefði runnið á skúrinn. Ákærði kvaðst ekki hafa tilkynnt lögreglu áreksturinn, þar sem hann hefði bragðað áfengi fyrir aksturinn.

Þá staðfesti eiginkona ákærða við síðari yfirheyrslu sama dag þennan framburð ákærða að því leyti, að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar í umræddu tilviki, hún hefði þá verið heima, en ákærði hefði komið heim í miklu uppnámi og sagt henni, að hann hefði ekið á skúr. Ekki kvaðst hún hafa merkt áfengisáhrif á Bjarna, en hann hefði ekki verið viðræðuhæfur og snúið sér að drykkju eftir heimkomuna.

Ákærði var færður til blóðtöku kl. 1200 þann 9. desember 1979, og samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði 0.67‰.

Ákærði kom fyrir dóm þann 17. nóvember 1980. Kvaðst hann þá hafa ekið bifreiðinni Y 1947 um Birkihvamm nótt þá, er óhapp það varð, er í ákæru greinir. Tók ákærði fram, að hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis, er hann ók, en viðurkenndi þó að hafa drukkið 1—2 glös af áfengisblöndu löngu fyrr um kvöldið, líklega kl. 2100. Er ákærða var bent á, að hann hefði viðurkennt áfengisáhrif við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. desember 1979, taldi hann það geta verið rétt, en hins vegar hafi hann ekki verið í standi til þess að gefa skýrslu hjá lögreglu þann dag og hefði hann ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Þá gat ákærði ekki gefið skýringu á því fyrir dómi, hvers vegna áreksturinn varð, en aðstæður á árekstursstað væru þær, að verkstæðið væri byggt fyrir götuna, en hann hefði litið til hliðar og þess vegna lent á skúrnum. Kvaðst hann þá hafa gengið heim til sín og verið miður sín. Hann hafi orðið fyrir stórtjóni og hafi honum ekki tekist að ná bílnum úr gryfjunni eða skurðinum, sem var í kringum skúrinn, án þess þó að hafa gert tilraun til þess.

Ákærði kvaðst hafa verið í miklu uppnámi og fengið sér í glas, „fleiri en eitt og fleiri en tvö“, eftir að heim kom. Kveðst hann ekki geta sagt, hvað hann hafi drukkið mikið, enda hafi hann ekki talið það. Hann hafi átt dreytil í 2 flöskum, bæði létt og sterkt, og hafi hann drukkið það að mestu. Um morguninn, þegar lögreglan kom, hafi eiginkona ákærða ákveðið ótilkvöð að taka á sig sökina vegna ákeyrslunnar. Hafi hún gert það, vegna þess hve miður sín ákærði hafi verið.

Eiginkona ákærða, Katrín Guðjónsdóttir, Birkihvammi 2 hér í bæ, kom fyrir dóm þann 27. janúar 1981. Skýrði hún svo frá, að ákærði hefði komið heim nótt þá, er atburðir þeir áttu sér stað, er mál þetta snýst um, og hafi klukkan þá líklega verið hálf tvö. Hafi hann verið í uppnámi og sagt, að bíllinn væri ónýtur, en áfengisáhrif kvaðst vitnið ekki hafa séð á ákærða. Hefði hann lokað sig inni og ekki viljað ræða við vitnið. Vitnið kvaðst einu sinni hafa farið inn til ákærða um nóttina, eftir að hann kom heim, og taldi vitnið sig þá fyrst hafa séð áfengisáhrif á ákærða, en ekki gat vitnið munað, hvort það hefði séð áfengisflösku eða drykkjarilát hjá ákærða. Þá taldi vitnið, að er lögreglan kom á heimili sitt og ákærða, hafi því brugðið, þar sem ákærði hefði drukkið áfengi um nóttina, og vitnið því ákveðið að taka á sig sökina. Hafi síðan orðið að samkomulagi, að þau hjónin færu bæði á lögreglustöðina með lögreglunni. Áður en það varð, hefði vitnið hringt í dóttur sína og sagt henni í fáum orðum frá atvikum, en vitnið taldi sig örugglega ekki hafa sagt henni, að faðir hennar hefði ekið á drukkin. Þá taldi vitnið, að ákærði hefði farið af árekstursstað án þess að gera ráðstafanir í sambandi við ákeyrsluna, en 1—2 dögum síðar hefði hann haft samband við skúreigandann og þeir hafi þá gert út um málið sín á milli.

Ragnheiður Bjarnadóttir, dóttir ákærða, var boðuð fyrir dóm, og mætti hún ekki. Með bókun í sakadómsbók var hún leyst undan vitnaskyldu með vísan til 3. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Vitnið Eðvarð Árnason varðstjóri, Æsufelli 4, Reykjavík, kom fyrir dóm sama dag, og taldi það sig muna vel atvik þau, er hann varð vitni að í sambandi við mál þetta. Hefði vitnið stjórn að aðgerðum lögreglu í upphafi rannsóknar í gegnum talstöð. Eftir að komið var með ákærða og eiginkonu hans á lögreglustöðina, hafi vitnið yfirheyrt þau bæði, en vegna ósamræmis í framburðum þeirra hafi rannsóknardeild lögreglu verið fengið málið til meðferðar.

Við yfirheyrslu rannsóknarlögreglu hafi vitnið verið vottur. Hefði ákærði greinilega verið miður sín, en ekki mikið drukkinn að sjá. Hafi ákærði upphaflega neitað akstri, en eftir að dóttir hans var yfirheyrð, hafi hann breytt framburði sínum og viðurkennt akstur, en ekki mundi vitnið nákvæmlega, hvort ákærði hefði viðurkennt áfengisáhrif. Þá hefði ákærði ekki getað greint frá magni áfengis, er hann hefði neytt, að öðru leyti en því, að það hafi ekki verið mikið. Ekkert hafi bent til þess, að ákærði gæfi lokaskýrslu hjá rannsóknarlögreglu öðruvísi en í samræmi við það, sem var satt og rétt.

Vitnið Þröstur Hjörleifsson aðstoðarvarðstjóri, Furugrund 58 hér í bæ, kom fyrir dóm sama dag. Kvaðst vitnið hafa tilkvatt ásamt lögreglumanni nr. 11 farið í Birkihvamm, þar sem bifreið hefði verið ekið á skúr. Hafi bifreiðin verið læst og mannlauð. Er þeir fóru á heimili skráðs eiganda, ákærða í máli þessu, hafi eiginkona hans orðið fyrir svörum og óaðspurð skýrt þeim frá því, að hún hefði verið ökumaður bifreiðarinnar, er hún lenti á skúrnum. Vitnið hafi síðan farið inn til ákærða, þar sem hann sat á rúmstokknum, og hafi hann sagt, að konan hefði ekið bílnum. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð þar ummerki þess, að ákærði hefði verið við drykkju, en mundi þó að hafa fundið áfengisþef af ákærða. Ástand ákærða taldi vitnið slíkt, að hann hefði verið greinilega miður sín og verið bæði titrandi og skjálfandi. Eftir að farið var með ákærða og eiginkonu hans á lögreglustöðina, var vitnið viðstatt, er varðstjóri yfirheyrði ákærða. Hafi ákærði þá í fyrstu bæði neitað akstri um nóttina svo og áfengisneyslu, en síðan hefði hann játað áfengisneyslu, en neitað akstri.

Vitnið Hilmar Harðarson lögreglumaður, Holtagerði 11 hér í bæ, kom fyrir dóm sama dag, og skýrði hann frá tildrögum málsins og atvikum á heimili ákærða á sama veg og rakið er í framburði vitnisins Þrastar Hjörleifssonar. Virtist vitninu ákærði hafa verið undir áhrifum áfengis, hann hafi verið „sjúkskaður“ og af honum áfengisþefur.

Vitnið Sigrún Ólafsdóttir rannsóknarlögreglumaður, Vesturbergi 144, Reykjavík, kom fyrir dóm sama dag. Kvaðst vitnið fyrst hafa yfirheyrt eiginkonu ákærða og hafi hún sagst hafa ekið á skúr, er hún var á leið heim frá dóttur sinni, en síðan hafi vitnið yfirheyrt ákærða og hafi hann skýrt frá á sama veg og konan, en framburður hans þó ekki að öllu leyti samkvæmur framburði eiginkonunnar. Síðar hafi ákærði breytt framburði

sínum, en ekki sagst hafa þorað í upphafi að viðurkenna aksturinn af ótta við að missa ökuskrifteini sitt ævilangt, þar sem hann hefði áður verið sviptur ökuréttindum. Reyndar hefðu bæði hjónin haft orð á því, að það kæmi sér mjög illa fyrir ákærða að missa ökuréttindin.

Vitnið kveðst muna greinilega eftir því, að við síðari yfirheyrslu hafi ákærði viðurkennt að hafa fundið lítillaga til áfengisáhrifa við aksturinn, en jafnframt haldið því fram, að hann hefði einungis drukkið lítið magn áfengis fyrir akstur. Við þessa síðari yfirheyrslu hafi ákærði verið rólegur og vírst fullkomlega með sjálfum sér, en hann hefði sýnt merki þess, að hann væri leiður yfir því að hafa ekki sagt sannleikann í upphafi. En að öðru leyti hafi hann verið í fullkomnu jafnvægi. Taldi vitnið það fráleitt, að ástand hans, er hann viðurkenndi áfengisáhrif við akstur, hafi verið slíkt, að hann hafi ekki verið í standi til að gefa skýrslu.

Verjandi ákærða hefur skilað skriflegri vörn, og krefst hann þess, að ákærði verði alfarið sýknaður af öllum ákæruatriðum og að allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð. Jafnframt krefst hann málsvarnarlauna. Er því haldið fram, að sök-in sé algerlega ósönnuð. Ákærði neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hefði að vísu við yfirheyrslu hjá lögreglu sagst hafa fundið aðeins til áfengisáhrifa, en það hafi ekki verið við akstur, heldur skömmu eftir neyslu. Þá hafi ákærði ekki verið í standi til að gefa skýrslu hjá lögreglu, en lögreglumenn beri, að ákærði hafi greinilega verið miður sín við skýrslutöku. Hafi ákærði ekki verið beint spurður af lögreglu, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við akstur, enda muni vottur að yfirheyrslunni ekki eftir því, að ákærði hefði þá viðurkennt áfengisáhrif við aksturinn. Er ákærði kom heim til sín eftir umferðaróhappið, hafi eiginkona hans ekki séð áfengisáhrif á ákærða. Þá er bent á, að framburður vitnisins Sigrúnar Ólafsdóttur rannsóknarlögreglukonu sé um margt ósamhljóða öðrum framburðum vitna.

Þá er krafist sýknu af brotum á 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

EKKI væri í ljós leitt, hverjar skemmdir urðu á horni húss þess, er ákærði ók á. Eigandi hússins hefði ekki gert neinar kröfur í málinu. Upplýst væri þó, að ákærði gekk frá þessari hlið málsins við húseigandann tveimur dögum eftir óhappið. Ósannað væri, að ákærði hefði valdið eiganda hússins hættu eða óþæg-

indum, eins og 1. mgr. 37. gr. áskilur. Samkvæmt þessu væri því eigi sönnuð á hendur ákærða vangæsla við akstur, sú er varðar við 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þá væru heldur ekki nein efni til að ákveða ákærða refsingu eftir 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, þótt hann léti undan fallast að tilkynna lögreglu ófarir sínar, sem bitnuðu einungis á honum sjálfum og eign hans. Ástand ákærða eftir óhappið skipti máli, en í ljós sé leitt, að hann var stórlega miður sín eftir það og hefði framkoma hans vafalaust mótast af því.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni Y 1947 aðfaranótt 9. desember 1979 um Birkihvamm og misst þar stjórn á henni með þeim afleiðingum, að hún lenti á verkstæðisskúr við Birkihvamm 12, og styðja önnur gögn málsins þær játningar. Þetta hafi verið kl. 0130—0200, en fyrr um kvöldið, líklega kl. 2100, hefði hann drukkið 1—2 glös af venjulegri blöndu af áfengi. Skýring hans fyrir dómi á orsök árekstrarins var sú, að hann hefði litið til hliðar og þess vegna lent á skúrnum.

Ganga verður út frá því, að ákærði hafi í yfirheyrslu hjá lögreglu þann 9. desember 1979 verið spurður að því, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda kemur það glöggt fram í viðkomandi skýrslu, dskj. nr. 3, bls. 5, þegar hún er lesin í samhengi. Þar að auki hefur ákærði viðurkennt fyrir dómi að hafa játað áfengisáhrif við aksturinn fyrir lögreglu, og verður ekki séð, að framburður lögreglumanna þeirra, er að rannsókn málsins unnu, stangist á á þann hátt, að haft geti áhrif á þennan þátt málsins.

Ákærði hefur fyrir dómi staðfastlega neitað áfengisáhrifum, er umræddur akstur fór fram, gagnstætt því, er hann hafði áður haldið fram við yfirheyrslu hjá lögreglu. Þrátt fyrir þessa afturköllun ákærða á fyrri framburði þykir framkoma hans og undanbrögð við frumrannsókn málsins, áfengisdrykkja hans fyrir akstur og það, að hann missti stjórn á bifreiðinni í akstri án fyrir-sjáanlegra ytri orsaka, fullnægjandi sönnun þess, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt skipti.

Þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega aðgæslu í akstrinum, er hann missti stjórn á bifreiðinni. Ákærði var búsettur skammt frá þeim stað, er það gerðist. Hlaut honum því að vera kunnugt um aðstæður þar, og mátti hann vita, að þörf var á að sýna sérstaka aðgæslu í akstri. Þetta gerði ákærði ekki, og þykir í því

sambandi ekki skipta máli, hversu miklar skemmdir urðu við áreksturinn.

Loks þykir í ljós leitt, að ákærði hvarf af vettvangi án þess að gera lögmæltar ráðstafanir varðandi áreksturinn. Ákærða var þetta skylt, einkum þar sem einhverjar skemmdir höfðu orðið á skúrnum, hvort sem þær voru miklar eða litlar, enda bendir ekkert til þess, að ástand ákærða hafi verið slíkt, að honum hafi verið fyrimunað að gangast í þau verk, a. m. k. var hann ekki slasaður.

Í samræmi við framanritað þykir ákærði hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali, að öðru leyti en því, að ekki ók hann brott af vettvangi, eins og segir í ákæru, heldur gekk hann brott. Varðar þessi ónákvæmni í atvikálýsingu þó hvorki frávisun né sýknu.

Ákærði hefur því gerst brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 92/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1944 25/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1953 15/8 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 20. og 26. gr. bifreiðalaga.
- 1954 18/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.
- 1954 15/9 í Reykjavík: Dómur: 800 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1958 5/11 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1976 11/5 í Kópavogi: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 3/11 1975.

Refsing ákærða þykir samkvæmt þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru, svo og með vísan til þeirra

lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Loks dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 2.000.00 kr.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Jósefsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 4.500.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 2/1978.

Rúnar Gunnarsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Sigurði Reyni Guðmundssyni og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.